



Forsætisráðuneytið  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. maí 2026

### **Efni: Aðbúnaður barna á einkaheimilum**

Fram eru komin drög að frumvarpi sem mun heimila forsætisráðherra að setja á fót óháða rannsóknarnefnd sem mun hafa það hlutverk að kanna aðbúnað barna sem vistuð voru fyrir atbeina stjórnvalda á einkaheimilum frá 1947 til 2002. Að mati umboðsmanns barna er mikilvægt að stjórnvöld gangist við því þegar brotið hefur verið gegn réttindum barna og þá er það grundvallaratriði að úrbætur séu gerðar með það að markmiðið að styrkja réttarvernd barna. Umboðsmaður hefur hins vegar áhyggjur af því að umrædd rannsókn, eins og hún er afmörkuð í frumvarpsdrögunum, muni leiða til afar takmarkaðra umbóta á kerfinu fyrir þau börn sem nú eru vistuð utan heimilis þar sem rannsókn nefndarinnar mun almennt aðeins ná til 1. júní 2002 þegar nágildandi barnaverndarlög tóku gildi.

Fyrirliggjandi frumvarpsdrög afmarkast við vistun barna á tímabilinu 27. mars 1947 til 1. júní 2002 og sú heimild sem er í 9. gr. til að ná yfir vistun eftir 1. júní 2002 er bundin við tilvik þar sem vistunin fór fram á sama einkaheimili og byggðist á sama samningi eða ákvörðun og fyrir það tímamark. Frumvarpið nær því ekki til þeirra barna sem hafa verið eða eru vistuð utan heimilis á grundvelli nágildandi laga. Rannsóknin mun þess vegna varpa takmörkuðu ljósi á stöðu barna í núverandi fósturkerfi eða styðja við yfirstandandi endurskoðun barnaverndarlaga. Þó að vissulega hafi orðið verulegar breytingar árið 2002 á lögum um barnavernd liggja nú fyrir Alþingi mjög yfirgripsmiklar breytingar á lögnum og hefur ítrekað komið fram að sérstaklega þurfi að endurskoða frekar kaflann um börn innan fósturkerfisins. Þá liggur fyrir, m.a. af skýrslum Gæða- og eftirlitsstofnunar og umboðsmanns Alþingis, að enn eru misbrestir á framkvæmd vistunar barna utan heimilis, í einhverjum tilvikum er ekki ljóst á grundvelli hvaða lagaheimildar börn eru vistuð utan heimilis og of mörg dæmi eru um að eftirliti sé ekki sinnt með fullnægjandi hætti. Þá telur umboðsmaður tilefni til að nefna í þessu samhengi að sami einstaklingur eða sama fjölskylda getur samtímis haft leyfi til að taka barn eða börn í fóstur, annast bráðavistanir fyrir börn og verið með leyfi sem stuðningsfjölskylda, auk þess sem eigin börn einstaklingsins eða fjölskyldunnar kunna jafnframt að búa á heimilinu. Við slíkar aðstæður vakna spurningar um hvort aðstæður á heimili séu þannig að unnt sé að

tryggja hverju barni nægan stuðning, stöðugleika og umönnun enda getur mikill fjöldi barna í vistun á sama tíma haft áhrif á gæði þjónustunnar og velferð barnanna.

Í bréfi umboðsmanns barna til forsætisráðherra frá 6. október 2025 var óskað eftir því að gerð yrði rannsókn á afdrifum þeirra barna sem hafa verið vistuð á vegum hins opinbera í úrræðum samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga frá því ríkið tók við rekstri þeirra samhliða stofnun Barnaverndarstofu árið 1996. Þar var áréttað að slík rannsókn væri mikilvægur liður í að meta hvort meðferðarkerfið skili tilætluðum árangri og hvort veitt sé þjónusta sem raunverulega gagnast þeim börnum sem hana þiggja en að mati umboðsmanns barna bendir margt til þess að annmarkar séu á núgildandi kerfi einkum hvað varðar eftirlit. Þá telur umboðsmaður að sérstakt tilefni sé til þess að rannsaka m.a. dánartíðni, atvinnuþátttöku, menntun, húsnæðisstöðu, örorku, afplánun dóma og geðheilbrigði.

Í svarbréfi forsætisráðuneytisins frá 12. janúar 2026 kom fram að ráðuneytið teldi mikilvægara, að svo stöddu, að verja tíma og fjármunum í brýnni aðgerðir til úrbóta í þágu barna og ungmenna en í þá afdrifarannsókn sem óskað var eftir. Að mati umboðsmanns hefur rannsókn á afdrifum barna hins vegar mikilvæga þýðingu fyrir umbótavinnu.

Umboðsmaður leggur því áherslu á að samhliða þeirri sögulegu rannsókn sem frumvarpsdrögin gera ráð fyrir verði ráðist í sérstaka rannsókn á afdrifum barna sem vistuð hafa verið á vegum hins opinbera frá árinu 1996, bæði í úrræðum samkvæmt 79. gr. barnaverndarlaga og í fósturkerfinu. Slík rannsókn yrði mikilvægur liður í að bæta þau úrræði sem nú eru í boði. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ef brotið hefur verið gegn réttindum barna sem voru vistuð utan heimilis eftir gildistöku núgildandi barnaverndarlaga eiga þau einnig rétt á því að fá viðurkenningu á þeim brotum.

Umboðsmaður barna tekur ekki afstöðu til nánari útfærslu á rannsókn sem lýtur að kerfi fyrri tíma og skipan sérstakrar rannsóknarnefndar.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna